

## Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

<b>Fundarstjóri:</b> Marta Magnúsdóttir	<b>Fundur nr. 07/2019</b>
<b>Fundarritari:</b> Sigríður Ágústsdóttir	
<b>Mættir:</b> Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi Ásgerður Magnúsdóttir (ÁM) formaður ungmennaráðs Björk Norðdahl (BN) formaður fræðsluráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir (DÝÓ) aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir (HÓV) formaður dagskrárráðs Jón Halldór Jónasson (JHJ) formaður upplýsingaráðs Jón Ingvar Bragason (JIB) formaður alþjóðaráðs Sævar Skaptason (SS) formaður fjármálaráðs Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS Sigríður Ágústsdóttir (SÁ) skrifstofustjóri BÍS	<b>Fundarstaður:</b> <b>Hraunbær 123</b>  <b>Dags: 9. apríl 2019</b>  <b>Frá kl. 18:00-20:00</b>
<b>Fjarverandi:</b>	

### Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1	1	<b>Setning</b> MM setti fundinn og bauð nýja stjórn velkomna til starfa.	MM
1	2	<b>Fundargerðir síðasta fundar</b> Fundargerðir eru sendar til stjórnarmeðlima og ef ekki koma athugasemdir innan þriggja daga frá sendingu teljast þær samþykktar.	SÁ
20	3	<b>Minnispunktur framkvæmdaráðs</b> (formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri) Ekki tekið fyrir.	MM/SS /KÓ
90	4	<b>Stjórnsýsla</b> <b>1. Skátaping – endurmat og næstu skref</b> Rætt var um hvað gekk vel og hvað má bæta fyrir næsta skátaping, bæði í innihaldi dagskrár, undirbúningi og umgjörð þingsins. Almenn ánægja er með þingið, sérstaklega með góða þátttöku ungra skáta og þann kraft og góðan anda sem einkenndi þingið.  <b>Þingsályktanir:</b> <b>a) Foringjapjálfun.</b> Tillagan var samþykkt á skátapingi með breytingum, Skátaskólinn tekur málið áfram. <b>b) BÍS setji sér stefnu um umhverfismál</b> og fylgi henni eftir. ÁM tekur málið áfram ásamt ungmennaráði og munu þau leggja fram tillögu til stjórnar innan mánaðar.	Allir       BN  ÁM   Allir

		<p><b>2. Samskipta- og verklagsreglur stjórnar BÍS samþykkt.</b></p> <p><b>3. Leggja línurnar um vinnuferla BÍS</b> Samþykkt að MM og SÁ vinni þetta áfram og skili af sér innan mánaðar.</p> <p><b>4. Drengskaparheit og sakavottorðsheimildir</b> Ný stjórn skrifaði undir.</p>	<p>MM/SÁ</p> <p>Allir</p>
15	5	<p><b>Viðburðir og fræðsla</b></p> <p>1. <b>Skátaskólinn.</b> Stefnu og tilhögun þarf að forma svo það sé sameiginlegur skilningur á þeirri fræðslu og þjálfun sem BÍS býður. Stefnan er að taka alla fræðslu saman í eina heild svo ekki sé verið að vinna að fræðslumálum á mismunandi sviðum. Ákveðið hefur verið að búa til vinnuhóp sem heitir „stjórn Skátaskólans“, ráða skólastjóra í launað starf sem rekur og sér um skólann og þjálfun. Öll námskeið og fræðsla verður undir Skátaskólanum, ein heild og samfella fyrir skáta á aldrinum 10 ára og upp úr. Gerð verður heildar námskrá og hægt að keyra modula úr henni eftir þörfum og bjóða upp á þjálfun fyrir foringja á öllum stigum. Með arfinum sem BÍS fékk er komið fjármagn sem er eyrnamerkt fræðslumálum og þjálfun og gerir þetta kleift.</p> <p>2. <b>Startpakki skátastarfs</b> – stefna og tilhögun. Startpakinn er tvennskona, annars vegar ætlað að efla þær stjórnir og foringja sem eru nú þegar starfandi í félögunum. Þetta verður unnið með erindrekunum. Hinn þátturinn er stuðningsefni sem nýtist við að hefja skátastarf á nýjum slóðum, hvort heldur það er í skátaflokki, félagi eða sveit. Reynsla erlendis frá sýnir að nýtt starf þarf stuðning í 2-3 ár áður en það verður sjálfbært. Það þarf ekki að byrja á því að stofna heilt félag með stjórn og yfirbyggingu heldur má skala það niður og hefja skátastarf í einum flokki. Þetta hvorutveggja er í vinnslu.</p> <p>3. <b>Útbreiðslustefna – fjölgun í skátastarfi.</b> BÍS þarf að móta slíka stefnu, WOSM veitir styrki til þessháttar verkefna og vert að skoða það. Starf stjórnar og ráða BÍS þarf að vinna að þessum stóru málum með einum eða öðrum hætti og með tímalínu sem byggir á: <b>Tímalína stjórnar og ráða:</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Hvað á að vera <b>tilbúið í maí</b> sem nýtist skátafélögunum við að hefja starf eftir sumarið?</li> <li>Hvað á að vera <b>tilbúið í október</b> sem nýtist skátafélögunum við að hefja starf eftir jólafrí?</li> <li>Hvað á að vera <b>tilbúið fyrir Skátaping 2020</b> sem nýtist skátafélögunum við sumarstarfið?</li> </ol> <p>Nauðsynlegt að áherslur í stjórn og ráðum tengist þessu. Mikilvægt er að vera meðvitaður um alla upplýsingamiðlun og vera með á hreinu hvað skátafélögin vilja/þurfa og vinna að því.</p>	<p>BN</p> <p>DÝÓ</p> <p>Allir</p>

		<p>4. <b>Móttaka sjálfboðaliða</b> - hvernig tökum við á móti sjálfboðaliðum sem bjóða aðstoð sína? Nauðsynlegt að móta ferla og aðstoða skátafélög í þessum málum.</p> <p>5. <b>Sveitarforinginn í fyrsta sæti</b> er aðaláherslan í starfi stjórnar framundan. Áhersla verður lögð á að gera færri hluti – og gera þá vel. Stjórn vill sjá flokkastarfið eflast víðar í skátastarfi og nauðsynlegt að leggja áherslu á frekari útbreiðslu á skátastarfi. Með því að efla gæðin í skátastarfi leita fleiri í starfið, bæði ungir skátar og foringjaefni.</p>	Allir
30	6	<b>Miðlun upplýsinga og samfélagsþátttaka (Kynning og ímyndarmál)</b> Ekki tekið fyrir.	JHJ
5	7	<b>Mannauðsmál</b> Ekki tekið fyrir.	Allir
	8	<p><b>Önnur mál</b></p> <p>1. <b>Tímasetning stjórnarfunda</b>, SÁ sendir könnun til stjórnarmeðlima um tímasetningu.</p> <p>2. <b>Upplýsingamál</b>, taka umræðu um heildarsýn og miðlun upplýsinga. Skerpa áherslur í miðlun og skilgreiningu markhópa. Hafa skýra skiptingu verkefna.</p> <p>3. <b>Agora</b> – tillaga barst um að hýsa þennan viðburð á Úlfjótuvatni. JIB sendir upplýsingar til stjórnarmeðlima og málið verður afgreitt rafrænt vegna þröngs tímaramma.</p> <p>4. <b>Symposium</b> – Fjarvera íslenskra skáta á fundinum kom ekki vel út en ástæðan var fall WOW-air. Atkvæði Íslands var nýtt á þann veg sem stjórn BÍS ákvað.</p> <p>5. <b>Ferðabeidni</b> – samþykkt var að innleiða það kerfi.</p>	Allir SÁ JHJ JIB JIB JIB
		<b>Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.</b>	

### Viðburðir og verkefni framundan:

apríl '19	13.-17.	Íshæk (hjá Klakki)
apríl '19	14.	Pálmásunnudagur
apríl '19	15.-17. apríl	Flokkahelgi Úlfjótuvatni
apríl '19	21.	Páskadagur
apríl '19	25.	Sumardagurinn fyrsti (messa hjá Hraunbúum?)
maí '19	24.-26.	Skátapepp dróttskáta
maí '19	25.-26.	Gilwell 5. skref -fellur niður
maí '19	??	Verndum þau námskeið
maí '19	??	Skyldur stjórnenda sumarnámskeiða
maí/júní '19	??	Námskeið fyrir sumarstarfsfólk
júní '19	1.-2.	Drekaskátamót á Úlfjótuvatni - OFURHETJUPEMA
júní '19	2.	Sjómannadagurinn
júní '19	7.-10.	Vormót Hraunbúa

júní '19	9.	Hvítasunnudagur
júní '19	18.-28.	Sumarbúðir dróttskáta Úlfliótsvatni
júní '19	??	Útivistaráskorun rekkaskáta - Auður djúpúðga
júní '19		Viðeyjarmót Landnema verður EKKI haldið sumarið 2019
júní '19		Skyldur stjórnenda sumarnámskeiða
júní '19		Námskeið fyrir sumarstarfsfólk
júní '19		Félagsstjórnarnámskeið - Ábyrgð og skyldur stjórnarmanna
júlí '19	4.-7.	Afmælimót SSR
júlí-ágúst '19	27.7.-2.8.	World Scout Jamboree
ágúst'19	??	Öræfalíf rekkaskáta - í samstarfi við Landsbjörgu?
ágúst'19	30.8.-1.9.	Sumar-Gilwell 1. og 2. skref
ágúst-sept'19	??	Uppskeruhátíð rekkaskáta v/forsetamerkis (í kynningarvikunni)
sept'19	??	Forsetamerkisafhending
sept'19	??	Verndum þau námskeið
okt'19	5.-6.	Gilwell 1. og 2. skref
okt'19	19.-20.	Skyndihjálparnámskeið
nóv'19	3.	Gilwell 4. skref
nóv'19	2.	Fálkaskátadagur
nóv'19	2.	Afmæli skátastarfs